

Setningarræða

Ellíða Vignissonar Bæjarstjóra í Vestmannaeyjum



Þátttaka atvinnulífsins í rannsóknum og nýsköpun í sjávarútvegi

8. maí 2009

Góðir ráðstefnugestir.

Fyrir hönd Vestmannaeyjabæjar býð ég ykkur öll sem hér eruð velkomin til þeirrar ráðstefnu sem nú er að hefjast undir yfirskriftinni "Þátttaka atvinnulífsins í rannsóknum og nýsköpun í sjávarútvegi".

Eins og yfirskriftin ber með sér er mikilvægasta auðlind okkar Íslendinga til umfjöllunar hér í dag.

Ráðstefna þessi er þó haldin í skugga gríðarlegra ógna. Í þau þúsund ár sem við Eyjamenn og fleiri höfum lifað á fiskveiðum og vinnslu hefur aldrei ríkt eins mikil óvissa um framtíð atvinnulífs okkar. Aldrei hefur deilan um nýtingu auðlindir sjávar og sjávarútveginn verið eins mikil og núna. Bæjarfélag sem staðið hefur af sér eldgos, sjórán og margskonar óáran í gegnum árhundruðin stendur nú enn á ný frami fyrir vá sem kann að valda ómældum búsifjum. Ógnir um eignarupptöku og hugsanlegt framsal nýtingaréttar til erlendra þjóða eru nú grár og helkaldur veruleiki. Íbúar þessara svæða eru hreinlega óttaslegnir og í þetta skipti ekki vegna náttúrulögmála heldur vegna mannaverka. Fyrning aflaheimilda upp á 5% myndi leiða til þess að sjávarútvegurinn í núverandi mynd verður gjaldþrota á 7 árum. Atvinnulíf Vestmannaeyja og annarra sambærilegra sjávarplássanna sem sagt lagt í rúst á 7 árum. Fólkið sem talar fyrir þessu gerir sér enga grein fyrir afleiðingunum. Áhrifin ná þó langt út fyrir sjávarplássin því þetta leiðir til þess að bankakerfið hrynur aftur og eftir situr fátæk þjóð sem jafnvel hefur tekist að fórna seinasta fjöregginu, sjávarútveginum.

Ég veit að ég þarf ekki að útskýra þetta mál fyrir ykkur sem hér eruð. Ég veit að þið þekkið forsendur sjávarútvegsins. Ég veit að ykkur þetta allt kunnugt. Ég veit að þið þekkið líka að fyrningarleið leiðir auk þessara efnahagslegu afleiðinga til slæmrar umgengni við fiskistofna. Engin langtímasjónarmið verði í heiðri hjá þeim sem nýti fiskimiðin enda engin framtíðarsýn. Það sem verra er að ég veit líka að því miður þá skortir verulega upp á þekkingu hjá sumum sem halda um stjórnartauma sjávarútvegsins.

Við erum hinsvegar ekki hingað komin til að ræða kvótakerfi eða Evrópuaðild þótt sannarlega væri ég til í að ræða það lengi. Þess í stað ætlum við að nota þennan fallega dag til að ræða hvernig við getum bætt samstarf atvinnulífs og rannsóknaraðila til að byggja upp þekkingu sem getur leitt til skilvirkari vinnubragða við nýtingu sjávarauðlyndarinnar.

Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá hér samankomna, forstjóra, fræðinga, útgerðarstjóra, sjómenn og áhugamenn til að ræða hugmyndir að samstarfi milli þessara aðila. Markmið ráðstefnunnar er enda að örva samstarf þeirra sem hér eru. Örva samstarf atvinnulífsins og vísindasamfélagsins í rannsóknum þannig að slíkt skili okkur áfram sjálbærri nýtingu og aukinni arðsemi.

Það er afar mikilvægt fyrir sveitafélag eins og Vestmannaeyjabæ að hér takist vel til því miklir hagsmunir eru í húfi. Hér í Eyjum er það stundum sagt að hlutirnir gerist fyrir neðan Strandveg og það má til sannsvegar færa. Ef ekkert veiðist þá tapa allir, ef vel veiðist græða hinsvegar allir. Það þarf því vart að koma á óvart hversu mikil hinn samfélagslegi vilji er hér í Eyjum til að efla allt fræðastarf sem tengist sjávarútvegnum.

Ég ætla ekki að draga fjöður yfir þá skoðun mína að ég tel ógnargjá vera milli atvinnulífsins og fræðastarfsins í sjávarútvegi. Vertíð eftir vertíð, ár eftir ár stöndum við frammi fyrir skaðlegri tortryggni þeirra sem standa sitthvorum megin þessarar ógnargjár. Sjómenn draga álit sérfræðinganna að sunnan verulega í efa og vafalaust er viðhorfið eitthvað því líkt hjá eftirlits og rannsóknargeiranum til okkar í sjávarbyggðum og lítið gefið fyrir kaffistofufiskifræðina sem ég stunda og jafnvel lítið gefið fyrir fiskifræði sjómanna.

Ekki er ólíklegt að sannleikurinn sé í raun blanda af þessu hvorutveggja. Svo mikið er víst að aðrir geta ekki án hins verið og samstarf milli atvinnulífsins og rannsókna og fræðageirans er eftirsóknarverð fyrir alla. Ekki þarf að leita lengra en til síðustu loðnuvertíða til sjá hversu mikilvægt það er að hafró og útgerða fyrirtæki vinni saman.

Ég get ekki látið hjá líða án þess að ræða þá misskiptingu sem ég tel vera í uppbyggingu á rannsóknar- og fræðaumhverfi sjávarútvegsins. Því hefur verið haldið fram að seinustu 20 árin hafi störfum við sjávarútveg fækkað. Því er ég ekki sammála. Störfum við veiðar og vinnslu hefur sannarlega fækkað en afleidd störf eins og rannsókna-, fræða-, markaðs- og sölustörf hefur fjölgað mikið. Vanda okkar sem störfum við sjávarútveginn eða í beinum tengslum við hann, er að þessi störf hafa fyrst og fremst orðið til í 101. Til að nefna dæmi vil ég taka tvær stofnanir sem ég virði mikils, annarsvegar Hafró og hinsvegar Matís. Hjá Matís starfa 106 starfsmenn og hjá Hafró 162. Hér í Eyjum þar sem 13 – 14% af aflaheimildunum eru vistaðar er 1 starfsmaður hjá Matís og 2 hjá Hafró. Ef starfsmönnum þessara tveggja ágætis stofnanna væri deilt á útibú í hlutfalli við aflaheimildir þá væru hér 25 starfsmenn frá Matís og 36 starfsmenn frá Hafró. Þetta sýnir svo ekki verður um villst að það er vitlaust gefið þegar kemur að afleiddum ríkisstörfum í sjávarútvegi.

Það er mín bjargföst trú að þessi fjarlægð milli fræða og eftirlitsgeirans eigi stóran þátt í þeirri gjá sem ég vék að áðan. Aukið samstarf og uppbygging stoðkerfisins í nálægð við atvinnugreinina eru tryggasta leiðin til að brúa þessa gjá.

Sú brú sem við Eyjamenn höfum hafið byggingu á er stórefling rannsókna- og fræðaseturs Vestmannaeyja. Í Janúar í fyrra stofnuðum við í góðu samstarfi við fjölmarga aðila Þekkingarsetur Vestmannaeyja og það því aðeins starfað í rúmt ár. Þekkingarsetrið er mikilvægur þáttur í atvinnuuppbyggingu í bænum og ein af stoðgreinum atvinnulífsins í Vestmannaeyjum. Stefna okkar er að marka Þekkingarsetrinu sérstöðu og forystu á sviði rannsókna á lífríki sjávar. Því sjónarmiði deilir atvinnulífið í Vestmannaeyjum með bæjarfélaginu og í raun öllum bæjarbúum. Sem formaður stjórnar þess býð ég öllum þeim sem hér til hvers þess samstarfs sem verða má til að efla nýsköpun og rannsóknir í sjávarútvegi.

Mig langar að þakka ráðstefnuhöldurum sérstaklega fyrir það frumkvæði sem þeir haf sýnt og tel ekki á neinn hallað þegar ég þakka Hrafni Sævaldssyni starfsmanni Atvinnuþróunarfélags Suðurlands og Páli Marvin Jónssyni framkvæmdarstjóra Þekkingarseturs sérstaklega fyrir þeirra einurð í þessu verkefni eins og svo mörgum öðrum.

Að lokum vona ég að ráðstefnan verði fyrsta skrefið í enn öflugra samstarfi og leiði af sér lausnir sem auka þekkingu og verða sjávarútvegnum og þar með Vestmannaeyjum og öllum öðrum sjávarbyggðum til framdráttar.

Mér finnst við hæfi að setja þessa ráðstefnu með því að lesa fyrsta versió úr texta Þjóðhátíðarlagsins frá 1942 eftir Árna úr Eyjum

*Að standa sem hetjur
og starfa eins og lífið býður
sé stefna vor allra,
því tíminn frá oss líður.
Hvert sinn, er morgunn skín við skí
sé skylda dagsins ávallt ný
takið eftir því.*

Elliði Vignisson
bæjarstjóri í Vestmannaeyjum